

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/48/EB frá 26. júlí 2007 um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/49/EB frá 26. júlí 2007 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007 frá 1. ágúst 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 930/2000 um setningu framkvæmdarákvæða um hvort nafngiftir eigi við um yrki af tegundum nytjajurta í landbúnaði og tegundum matjurta ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) í 1. hluta:

„– **32007 L 0048**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/48/EB frá 26. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:
- „– **32007 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/49/EB frá 26. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 33).“
3. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000) í 2. hluta:
- „, eins og henni var breytt með:
- **32007 R 0920**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007 frá 1. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 201, 2.8.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 920/2007 og tilskipana 2007/48/EB og 2007/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.